



# RÆÐA BÆJARSTJÓRA VIÐ FYRRI UMRÆÐU FJÁRHAGSÁÆTLUNAR 2017-2020

---

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar,

Frumvarp að fjárhagsáætlun 2017 og þriggja ára áætlun 2018 til 2020 er nú lagt fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn ásamt tillögum.

Það sem einkennir fjárhagsáætlunina núna er fyrst og fremst sú breyting að lífeyrisskuldbindingar vegna hjúkrunarheimilisins Höfða verða yfirteknar af ríkinu fyrir árslok 2016 í samræmi við samkomulag sem undirritað var á milli fjármálaráðherra og formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 28. október síðastliðinn. Þetta þýðir að um eins milljarðs króna lífeyrisskuldbinding vegna Höfða fer úr bókum Akraneskaupstaðar og lækkar lífeyrisskuldbindingu sveitarfélagsins um fjórðung, sem fer þá úr fjórum milljörðum í þrjá milljarða.

Með samningnum er fallist á þá kröfu sveitarfélaganna að ríkinu beri að ábyrgjast lífeyrisskuldbindingarnar þar sem verkefnið er á ábyrgð ríkisins en sveitarfélögin hafa talið með öllu óásættanlegt að þau sitji upp með þessa ábyrgð. Samningurinn kveður á um að ríkið taki 97% af skuldbindingunni en sveitarfélögin þau 3% sem eftir verða. Við munum því gera upp eftirstöðvarnar, um 30 milljónir, sem skiptast þannig að Akraneskaupstaður greiðir 90% af upphæðinni á móti Hvalfjarðarsveit sem greiðir 10%. Áfram verður svo unnið að því af



hendi viðræðunefndar fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga að greina ábyrgð ríkisins annarsvegar og sveitarfélaga hinsvegar á lífeyrisskuldbindingum vegna samrekstrarverkefna og á þeirri vinnu að vera lokið fyrir árslok 2018. Akraneskaupstaður má búast við að þurfa að taka á sig einhverjar skuldbindingar sem eru ekki í bókhaldi bæjarins í dag. Samningurinn varðandi hjúkrunarheimilin er bundinn því að það náist samkomulag um fullnaðaruppgjör.

Afnám lífeyrisskuldbindingarinnar vegna hjúkrunarheimilisins Höfða hefur áhrif á skuldastöðu samstæðu Akraneskaupstaðar en gert er ráð fyrir að skuldahlutfall samstæðunnar verði komið í 68,5% í árslok 2020. Til samanburðar þá var það 143% í árslok 2012.

Í undirbúningi að fjárhagsáætlun 2017 og þriggja ára áætlun 2018 til 2020 var það vinnulag viðhaft að halda sérstaka vinnufundi um framkvæmdir og fjárfestingar með öllum bæjarfulltrúum. Á

fundunum var farið yfir brýna fjárfestingarþörf á Akranesi á næstu árum og beiðnir ýmissa aðila um fjárfestingar og framkvæmdir með það að markmiði að forgangsraða verkefnum til langs tíma. Við fengum Odd Jónsson sérfræðing hjá KPMG til að fara yfir stöðuna, þ.e. hvernig þróun skulda og tekna verður fram til ársins 2025. Í samantekt hans kom fram að skuldir Akraneskaupstaðar munu lækka jafnt og þétt á næstu 10 árum en á móti koma hækkandi lífeyrisskuldbindingar. Samanlögð greiðslubrýði, vegna afborgana



lána og lífeyrisskuldbindinga, er mest núna á árinu 2016 og á næsta ári, 2017.

Á vinnufundunum var forgangs röðun verkefna rædd út frá þeirri forsendu að við hefðum um það bil 400 milljónir til ráðstöfunar í fjárhagsáætlun á ári, næstu fjögur árin eða rúmlega 2 milljarða í heildina. Þar af er gert ráð fyrir 666 milljónum árið 2017. Hluti af áætlaðri fjárveitingu næsta árs er vegna framkvæmda sem ekki var lokið við á árinu 2016, eins og endurbygging Vesturgötunnar og niðurrifi bygginga á Sementsreitnum.

Helstu verkefni sem rætt var um tengjast götum og stígum, viðhaldi og uppbyggingu íþróttamannvirkja, sementsverksmiðjunni, bæði niðurrifi og lóða- og gatnagerð, Dalbrautarreitnum og aðstöðu fyrir eldri borgara, endurnýjun og viðhaldi skólabygginga, byggingu búsetukjarna fyrir fatlaða, stofnframlags vegna leiguhúsnæðis, svo helstu dæmi séu nefnd. Allt mjög brýn verkefni. Langtímaáætlun í fjárfestingum og framkvæmdum er mjög mikilvæg því það geta komið upp flókin verk, sem þurfa lengri undirbúningstíma en eitt ár, svo sem dæmið á Vesturgötu sannar og þá er mikilvægt að geta flýtt öðrum framkvæmdum, tekið þær hreinlega framfyrir í röðina, ef búið er að samþykkja framkvæmdir- og fjárfestingar með tíma- og verkáætlun til nokkurra ára.



## **Almennt um fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2017**

Í framlagðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta verði um 185 m.kr. og að rekstrarafgangur A og B hluta verði um 171 m.kr.

### **Íbúapróun**

Íbúum hér á Akranesi hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2011. Það sem af er þessu ári eða frá 1. desember 2015 er fjölgunin um 2%. Á árinu 2016 fór íbúafjöldi Akraneskaupstaðar í fyrsta skipti yfir 7000 íbúa markið, þegar Guðjón Kristjánsson fæddist þann 30 júní. Þó um fjölgun sé að ræða sýnist okkur íbúasamsetningin vera þannig að hún kalli hvorki á nýbyggingar í leikskólum né grunnskólum þar sem við sjáum fækkun í yngri árgöngum. Það gæti hinsvegar breyst ef tekin verður ákvörðun um að lækka aldur þeirra barna sem eru tekin inn í leikskóla en það mál er í skoðun hjá skóla og frístundaráði.

Grundaskóli er líka mjög þétt setinn og við höfum á undanförunum árum sett upp þrjár lausar kennslustofur til að mæta betur þörfum nemenda og starfsfólks.

### **Tekjur**

Áætlaðar útsvarstekjur eru 3.602 m.kr. og eru um 8,13% hærra en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2016 að viðbættum viðauka. Við gerð áætlunarinnar er byggt á útkomuspá 2016 og spá Sambands íslenskra sveitarfélaga frá því í október síðastliðinn. Útsvarið er



áætlað um 63,9% af rekstrartekjum á árinu 2017 og hefur hlutfallið farið hækkandi, en það var 59,6% árið 2015.

Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs til Akraneskaupstaðar verði um 1.012 m.kr. á árinu 2017 en voru áætluð 896 m.kr. á árinu 2016. Hækkunin er því 13%. Á sama tíma er hlutfall Jöfnunarsjóðs í tekjum sveitarfélagsins áætluð um 18% af rekstrartekjum í A hluta á árinu 2017 og hefur farið lækkandi. Hlutfallið var 19,1% á árinu 2015. Áætlað er að hlutfallið fari lækkandi á árunum 2018 til 2020 og verði komið niður í 16,4% árið 2020.

Það verður að segjast eins og er að við höfum velt því fyrir okkur hvað geri það að verkum að Akraneskaupstaður þurfi á útgjaldajöfnunarframlagi að halda en áætlað er að sú tala verði 273 m.kr. árið 2017.

Þegar við skoðum meðaltekjur án framlags úr Jöfnunarsjóði þá sést að meðaltekjur á íbúa (útsvar og fasteignaskattur) eru 503.414 á Akranesi á árinu 2015 á meðan að meðaltekjur fyrir landið allt voru 543.093 krónur. Á árinu 2017 er gert ráð fyrir 576 þúsund króna meðaltekjum á íbúa á Akranesi en 718 þúsundum þegar Jöfnunarsjóður er tekinn með.

Gert er ráð fyrir sömu álagningarhlutföllum í fasteignasköttum og á árinu 2016. Fasteignaskattur hækkar um 5,69% frá áætlaðri útkomuspá ársins 2016 og tekur mið af breytingu á fasteignamati milli áranna 2016 og 2017.



Varðandi lóðarleigu er gert ráð fyrir sömu álagningarhlutföllum og á árinu 2016. Lóðarleiga hækkar um 6,93% frá áætlaðri útkomuspá.

Gert er ráð fyrir 2% áætlaðri hækkun byggingarvísitölu en eldri

lóðarsamningar taka mið af henni. Hækkun lóðamats er um 9% milli áranna 2016 og 2017.

Gert er ráð fyrir að þjónustugjaldskrár hækki um 3,2%. Hér verða breytingar á tekjufærslu vegna húsaleigubóta, en almennar húsaleigubætur færast yfir til ríkisins og er því ekki gert ráð fyrir framlagi vegna þeirra.

## Útgjöld

Launagjöld án lífeyrisskuldbindinga eru um 60,9% af rekstrartekjum A hluta á árinu 2017 og hefur hlutfallið farið hækkandi, var 58,4% á árinu 2015.

Í launaáætlun A hluta fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir um 8% hækkun launaliðar án lífeyrisskuldbindinga frá viðaukaáætlun árið 2016. Þar er gert ráð fyrir launapotti, þar sem ekki hefur verið samið við Félag grunnskólakennara og Félag tónlistarkennara í KÍ. Einnig er gert ráð fyrir potti vegna væntanlegrar hækkunar á mótframlagi til lífeyrissjóða (LSS og LSR) ef ekki tekst að afgreiða frumvarp til laga sem byggt er á samkomlagi ríkisins og sveitarfélaga við opinber starfsmannafélög um samræmt lífeyriskerfi fyrir áramót. Sú upphæð nemur 75 milljónum króna.



Gert er ráð fyrir að áætluð lífeyrisskuldbinding í árslok 2016 hækki um 8,3%, þ.e. launavísitala að viðbættu álagi sem tryggingastærðfræðingur leggur ofan á til að mæta ýmsum þáttum sem taka breytingum milli ára.

Á sama tíma og við höfum verið að berjast fyrir yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingu Höfða, þar sem sú skuldbinding hefði haft þau áhrif á bæjarsjóð að Höfði, og þar að leiðandi samstæðan, hefði þurft að gera ráð fyrir um 85 milljónum króna á árinu 2017, bara vegna skuldbindinganna, þá kemur þessi skellur með iðgjöldin og gerir þessa breytingu nánast að engu á næsta rekstrarári. Við þurfum að hækka launaliðinn okkar um svipaða upphæð eða tæpar 75 milljónir. Það virðist hinsvegar misjafnt á milli sveitarfélaga hvort þessi iðgjaldaviðbót er inn í áætlun þeirra fyrir árið 2017 eða ekki, en við hjá Akraneskaupstað erum varkár og viljum hafa borð fyrir báru.

Forseti, aðrir bæjarfulltrúar. Ég hef nú gert grein fyrir helstu stærðum varðandi tekjur og útgjöld á árinu 2017 og mun nú fara yfir aðrar lykiltölur A hluta og samstæðunnar ásamt skiptingu málaflokka.

#### **Aðrar lykiltölur:**

**Veltufé frá rekstri:** Í A hluta er áætlað veltufé frá rekstri 669 m.kr. eða 11,9% af rekstrartekjum árið 2017. Í A og B hluta er áætlað



veltufé frá rekstri 692 m.kr. eða 10,8% af rekstrartekjum árið 2017 og hefur lækkað frá árinu 2015 úr 11,9%. Ein aðalskýringin er sú hækkun sem varð á iðgjöldum til lífeyrissjóða, en hún hefur áhrif til hækkunar á rekstrarkostnaði.

**Veltufjárhlutfall:** Í A og B hluta er áætlað að hlutfallið verði 1,16 á árinu 2017 en var 1,26 á árinu 2015. Það fer áfram lækkandi en verður komið aftur í 1,26 á árinu 2020. Ástæða þess er að meira fjármagn er áætlað í fjárfestingar næstu árin. Báðar þessar kennitölur, veltufjárhlutfall og veltufé frá rekstri eiga að vera í góðu lagi.

**Skuldahlutfall:** Í A hlutanum hafa skuldir verið að lækka jafnt og þétt á undanförunum árum þar sem markvisst hefur verið unnið að því að greiða þær niður. Þannig var skuldahlutfall A hlutans 135% árið 2012 en í fjárhagsáætlun 2017 er gert ráð fyrir því að skuldahlutfallið verði komið í 92,6% og í 72% í lok ársins 2020. Á undanförunum fimm árum hefur bæjarsjóður greitt um 1,7 milljarð króna á áætluðu verðlagi í janúar 2017, í afborganir lána.

Í A og B hluta er gert ráð fyrir að hlutfallið verði 88% á árinu 2017 en talan hefur lækkað mjög mikið á milli ára þar sem niðurfelling lífeyrisskuldbindinga Höfða hefur umtalsverð áhrif á samstæðuna. Á næstu árum er áætlað að hlutfallið fari enn lækkandi og verði um 68,5% árið 2020.





**Framlegðarhlutfall:** Framlegðarhlutfallið (EBITDA) er áætlað um 5,6% í A hluta á árinu 2017 og í A og B hluta er reiknað með að hlutfallið verði 5,4% á árinu 2017. EBITDA hefur lækkað og er helsta skýringin á lækkun á framlegðarhlutfalli umrædd 75 milljóna króna hækkun mótframlags vegna lífeyrисиðgjalda til LSS og LSR. Ef hækkunin hefði ekki orðið þá hefði framlegðarhlutfallið verið 6,9%. Á næstu árum er áætlað að hlutfallið fari hækkandi og verði komið í 7% árið 2020.

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar, ég fer nú yfir helstu stærðir í málaflokkunum.

## **Málaflokkur 20-22**

### **(Óráðstafað, Lífeyrisskuldbinding og Sameiginlegur kostnaður)**

Í sameiginlegum kostnaði er gert ráð fyrir 322 milljónum þar af eru áætlaðar 238 milljónir í rekstur bæjarskrifstofunnar. Auk þess er gert ráð fyrir áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtals 274 milljónir.

### **Skóla- og frístundasvið**

Í fræðslu- og uppeldismál fara 2.459 milljónir og fer langstærsti hlutinn af þeirri upphæð í rekstur grunnskólanna eða um 1.352 milljónir. Í leikskólana fara um 690 milljónir. Útgjöld til skólamála nema um 47,6% af skatttekjum. Útgjöld til æskulýðs- og íþróttamála nema um 8,2% af skatttekjum eða 425 milljónum króna.



## **Velferðar- og mannréttindasvið**

Áætluð útgjöld til velferðarmála nema um 953 milljónum, þar af til málaflokks fatlaðra um 564,5 milljónir. Sveitarfélagið fær endurgreitt um 370 milljónir vegna málefna fatlaðra í gegnum Þjónusturáði Vesturlands. Hluti af öðrum útgjöldum er annarsvegar lögbundin þjónusta við fatlaða sem sveitarfélaginu er skylt að veita og hinsvegar ófjármögnuð þjónusta við fatlaða sem sveitarfélagið greiðir en ætti að vera greidd af ríkinu. Hlutfall útgjalda til málaflokksins velferðar og mannréttindamál eru áætluð 18,5% af skatttekjum á árinu 2017.

## **Skipulags- og umhverfissvið**

Heildarútgjöld til skipulags- og umhverfismála eru 384 milljónir, þar af eru liðir eins og Vinnuskólinn, brunamál, hreinlætismál, skipulags- og byggingarmál, umhverfismál, umferðar- og samgöngumál. Á árinu 2017 er áætlað að verja samtals kr. 666 milljónum í fjárfestingar og framkvæmdir. Forgangsröðun verkefna er hjá skipulags- og umhverfisráði og mun áætlunin koma til samþykktar við seinni umræðu fjárhagsáætlunar þann 13. desember.

## **Menningar- og safnamál**

Í menningar- og safnamál fara um 191 milljón, þar af fara um 74 milljónir í bókasafnið og í héraðskjalasafnið og ljósmyndasafnið 23 milljónir. Framlag til byggðasafnsins er áætlað 41,5 milljónir króna, þar af kemur 90 % af framlaginu frá Akraneskaupstað og 10 % frá Hvalfjarðarsveit.



## **Atvinnu- og ferðamál**

Til atvinnu- og ferðamála fara 25 milljónir. Áfram er gert ráð fyrir rekstri á tjaldsvæðinu sem og einnig rekstri upplýsingamiðstöðvar í Akranesvita en vitinn og upplýsingamiðstöðin eru rekin allt árið um kring.

## **Eignasjóður**

Eignasjóður heldur ásamt Fasteignafélagi Akraneskaupstaðar utan um allar fasteignir Akraneskaupstaðar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir um 71 milljónum króna í heildarviðhald fasteigna bæjarins. Tekjur eignasjóðs eru áætlaðar um 710 milljónir króna.



## Lokaorð

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar. Ég vil þakka fjármálastjóra og aðalbókara kærlega fyrir undirbúning þessarar fjárhagsáætlunar, sem og sviðsstjóra stjórnarsýslu og fjármálasviðs og öðrum starfsmönnum sem hafa komið að undirbúningnum. Ég vil líka þakka bæjarfulltrúum fyrir afar gott samstarf við undirbúning að gerð áætlunarinnar og þá ekki síst formanni bæjarráðs. Að þessu sögðu legg ég fram frumvarp að fjárhagsáætlun 2017 og þriggja ára áætlun 2018 til 2020 til fyrri umræðu í bæjarstjórn Akraness.

Akranesi 8. nóvember 2016

Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri